

Alþingi
Brindi nr. P 139/1618
komudagur 8.3 2011

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2011

Efni: frumvarp til umferðalaga , þskj. 814-495. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um umferðalög (heildarlög), 495. mál. SFF vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Í frumvarpinu eru margar breytingar og nýmæli en SFF beina ábendingum sínum fyrst og fremst að þeim ákvæðum um málefni sem tengjast málefnum váttryggingafélaga beint.

SFF leggja áherslu á það að í ljósi tengsla ákvæða frumvarpsins við ákvæði frumvarps til laga um ökutækjatrýggingar o.fl. sé mikilvægt að gæta samræmis við lögfestingu þessara tveggja frumvarpa. Í 2. mgr. 120 .gr. frumvarpsins segir að XIII. kafli núgildandi umferðalaga nr. 50/1987 um fébætur og váttryggingu haldi gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt sérstök lög um lögmæltar ökutækjatrýggingar o.fl. Slíkt frumvarp hefur en ekki verið lagt fram á Alþingi en nefnd sem falið var að semja frumvarpið hefur skilað frá sér frumvarpsdrögum til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

SFF benda á að mikilvægt er að skilgreiningar í frumvörpunum séu samræmdar og reglur um skráningarskyldu ökutækja samkvæmt umferðalögum þarf að haga á þann hátt að eftirlit og eftirfylgni með ákvæðum laga um ökutækjatrýggingar o.fl. verði einfalt. Mikilvægt er að huga að samspili milli 70. gr. frumvarps til umferðalaga varðandi skráningarskyldu ökutækja og reglna um váttryggingaskyldu í væntanlegu frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar o.fl.

3. gr. Skilgreiningar

Samkvæmt áður nefndum drögum að frumvarpi til nýrra laga um ökutækjatrýggingar o.fl. er gert ráð fyrir að váttryggingaskylda nái áfram til sömu tegunda vélknúinna ökutækja og eru váttryggingaskyld samkvæmt gildandi umferðarlögum að viðbættum vinnuvélum sem eru notaðar í umferð á vegum. Gert er ráð fyrir að ökutæki sem ætluð eru til aksturs utan almennrar umferðar (torfærutæki) verði áfram váttryggingaskyld.

Í ljósi þess telja samtökin nauðsynlegt að hafa í umferðarlögum skilgreiningar á þeim tegundum ökutækja sem eru ætluð eru til aksturs utan almennrar umferðar t.d. hugtakinu torfærutæki. Samtökin telja mikilvægt að öll ökutæki sem eru váttryggingaskyld séu jafnframt skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum. Annars getur verið snúið að framfylgja váttryggingaskyldunni auk þess erfitt að hafa

eftirlit með henni. Í XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 er gert ráð fyrir því að Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi greiði tjón vegna óþekktra og óváttryggra ökutækja sem eru váttryggingaskyld. Það er því mjög mikilvægt að ljóst sé hvaða ökutæki þetta eru.

36. tl. 3. gr.

Í 36. tl. 3. gr. er að finna skilgreiningu á sérrein þar sem m.a. segir að sérrein sé akrein einungis ætluð ákveðinni tegund umferðar svo sem vistvænna ökutækja. SFF telja mikilvægt að sett verði fram skilgreining á því hvað teljist til vistvænna ökutækja. Einnig er mikilvægt að í lögnum sé heimið fyrir ráðherra að setja reglugerð um merkingu vistvænna ökutækja til að auðvelda ökumönnum að átta sig á hvaða ökutæki njóta forgangs samkvæmt ákvæðinu.

3. mgr. 16. gr. Reglur um forgangsakstur á sérreinum

SFF telja að vöntun sé á skýrum reglum í lögnum varðandi akstur á sérreinum. SFF telja mikilvægt að skýrar reglur séu um akstur á sérreinum og að löggjafinn taki af allan vafi um hvort ökutæki á sérreinum njóti forgangs. Líklegt þykir að reyna muni á þetta atriði í umferðinni þar sem sérrein endar tímabundið eða alfarið og almenn akrein tekur við.

6. mgr. 18. gr. Akstur í hringtorgum

SFF fagna því að sérstakar reglur séu settar í frumvarpið um akstur í hringtorgum. SFF telja þó að 6. mgr. 18. gr. kveði ekki nægilega skýrt á um hver eigi raunverulegan forgangsrétt í þeim tilvikum þegar bifreið, sem fer í innri hring í tveggja akgreina hringtorgi, beygir strax á fyrstu gatnamótum og í veg fyrir bifreið sem er í ytri hring.

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á 6. mgr. 18. gr., breytingartillagan er undirstrikuð.

Ökumaður sem ekur að hringtorgi skal veita þeim sem eru í torginu forgang. Í hringtorgi sem skipt er í tvær reinar skal ökumaður velja hægri rein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og að jafnaði á vinstri rein, innri hring, ætli hann að aka fram hjá einum eða fleiri gatnamótum. Ökumaður á ytri hring skal veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu, nema sá sem ekur í innri hring aki út á fyrstu gatnamótum. Óheimilt er að skipta um rein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi.

1. mgr. 42. gr. Börn og reiðhjól

Í 1. mgr. 42. gr. segir að barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

SFF vilja vekja athygli á því að samkvæmt þessu ákvæði er börnum 7 ára og eldri heimilt að hjóla á umferðapungum akreinum. SFF telja að 7 ára börn hafi ekki náð þroska til að skilja hættur sem fylgja því að hjóla á umferðapungum akreinum þar sem umferðahraði er mikill. Samtökin leggja til að heimild barna 7 ára og eldri verði bundin við akreinar þar sem hámarkshraði er 50 km á kíst eða lægri.

45. gr. Bann við ölvunarakstri

SFF fagna tillögum um hertar reglur varðandi leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna. Slíkt hefur ótvírætt forvarnargildi.

72. gr. Skoðun ökutækis

SFF vilja vekja athygli á því að í ákvæðinu er talað um að ökutæki sé skráningarskylt. Samtökin telja að það sé óljóst hvað átt sé við með orðinu ökutæki. Til dæmis er óljóst hvort að vélknúíð ökutæki eins og vinnuvél sé alltaf ökutæki.

Ef svo er þá er rétt að líta svo á að vinnuvél sé skoðunarskyld skv. 1. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeim skilningi er tvöfalt skoðunarkerfi á vinnuvélum þar sem skoðunarskylda á vinnuvélum hvílir á vinnueftirlitinu skv. l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

Í tengslum við þessar vangaveltur vilja SFF koma því á framfæri að samtökin telja eðlilegt að það sé skoðað að það gildi að einhverju leyti sömu reglur um skoðun vinnuvéla sem eru notuð sem ökutæki og skoðun ökutækja. Ríkir hagsmunir eru af því að sömu eða svipaðar reglur gildi um þær vinnuvélar sem eru notaðar í umferð og ökutæki.

76. gr. Öryggis- og verndar búnaður við hjólréiðar

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. frumvarpsins er barni yngri en 15 ára skylt að nota hlífðarhjálmi við hjólréiðar. SFF telja eðlilegt að ekki séu aldursmörk á notkun hlífðarhjálma við hjólréiðar og leggja til að öllum verði gert skylt að nota hlífðarhjálma við hjólréiðar. Enda hefur það marg sýnt sig að hlífðarhjálmar veita nauðsynlega vernd bæði fyrir börn og fullorðna hjólréiðamenn.


77. gr. Hleðsla ökutækis, flutningur farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum

SFF vilja vekja athygli á því að misbrestur er á því að tryggilega sé gengið frá farmi með tilheyrandi hættu fyrir aðra vegafarendur. Samkvæmt 4. mgr. 77. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð reglur um öryggisráðstafanir við flutningar. SFF telja að ákvæðið sé of almennt orðað og mikilvægt sé að setja í lög ákvæði sem hvetja menn til að ganga frá farmi á öruggan hátt svo öðrum vegfarendum stafi ekki hætta af farminum.

SFF leggja til að brot á 3. mgr. 77. um að farm skuli flytja þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni varði sektum skv. 1. mgr. 94. gr. frumvarpsins.

SFF eru tilbúin að funda með samgöngunefnd sé þess óskað og veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur